

Því dæmist rjett að vera:
Stefnunni í máli þessu vísast frá yfirdóminum.

Mánudaginn 15. maímán.

Nr. 24/1875: Guðmundur Jónsson á
Smirlabjörgum
gegn
síra Bjarna Sveinssyni.

D ó m u r.

Í máli þessu ákærir Guðmundur Jónsson á Smirlabjörgum prestinn Bjarna Sveinsson á Stafafelli fyrir það, að hann hafi með byggingarbrjefi 16. apríl 1873 byggt þá verandi sambýlismanni Guðmundar, Halli Pálssyni, undan honum ábýli hans, hálfu Skálafell, er hann þá bjó á samkvæmt byggingarbrjefi, út gefnu af formanni síra Bjarna í brauðinu, og hafði búið á í 20 ár, án þess þó að honum hefði verið byggt út, svo að hann hafi orðið að hrökklast þaðan burt í júlímánuði, sjer til óbærilegs tjóns. Í máli þessu gekk dómur í Skaptárþingi 16. júní f. á., og var presturinn dæmdur sýkn af kröfum Guðmundar og málskostnaður látinn falla niður, en dómi þeim hefur tjeður Guðmundur skotið til yfirdómsins og krafist, að presturinn verði dæmdur til að lúka sjer fullar skaðabætur eptir óvilhallra manna mati, er hann við undirdóminn áleit að vera ættu 600 krónur.

Að vísu hefur nú hinn stefndi borið það fyrir sig, að hann hafi í nóvembermán. 1872 sent hreppstjóranum þar í sveitinni brjef, hvar í hann hafi byggt áfrýjandanum út; en þvílíkt útbyggingarbrjef getur enga þýðingu haft í þessu máli, því það er með öllu ósannað, að það hafi verið birt áfrýjanda, eða að hann hafi fengið nokkra vitneskju um það, og líka stóð hrepp-

stjórinn í engri ábyrgð fyrir hann. Eins getur það og engin áhrif haft á úrslit málsins, að hinn stefndi ljét í desembermánuði 1873 birta áfrýjandanum útbyggingarbrjefið, hart nær hálfu ári eptir að búið var að flæma hann burtu af ábylí sínu.

Þar eð það nú bæði flýtur af hlutarins eðli og er samkvæmt Jónsbókar Llb. II. kap., sem og langvarandi landsvenju, að þegar stefndi eigi vildi láta áfrýjandann vera lengur leiguliða á jörðu sinni, varð hann að láta hann vita það hæfilega löngum tíma áður, svo að hann aptur gæti útvegað sjer annað jarðnæði, og hinn stefndi hefur á hinn bóginn hrakið áfrýjandann burtu af ábylí hans án alls fyrirvara, hlýtur hann að vera skyldur til að bæta honum allt það fjártjón, er hann eptir mati tveggja óvilhallra og af rjettinum útnefndra manna hefur af þessu beðið; þó mega skaðabætur þær eigi vera meiri en 600 krónur, svo ber honum og að greiða áfrýjandanum 40 krónur í málskostnað. Vöru málsins við yfirdóminn, hvar hinn stefndi fjekk gefins málssókn, hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum stefnda, Bjarna presti Sveinssyni á Stafafelli, ber að bæta áfrýjandanum, Guðmundi Jónssyni á Smirlabjörgum, eptir tveggja óvilhallra og af rjettinum útnefndra manna mati allt það fjártjón, er áfrýjandinn hefur beðið við það, að hann sumarið 1873 varð að fara burtu af ábylí sínu, Skálafelli, en þó mega skaðabætur þær eigi meiri vera en 600 krónur. Svo ber honum að greiða áfrýjandanum í málskostnað 40 krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.